

Nd.

227. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum 10. nóv. 1905
um þingsköp handa alþingi.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Við undirskrifaðir leyfum okkur að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frv. þetta með þeim einum breytingum er standa á þingskjali 228.

Alþingi 15. marz 1909.

Björn Jónsson
form.

Bjarni Jónsson frá Vogu
skrifari og framsm.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Það stendur svo einkennilega á fyrir minnihlutanum í þessari nefnd, að meirihlutinn hefir ekki einu sinni gefið mér kost á að ræða málið við sig á nefndarfundum, og hefir formaður látið mig á sér skilja, að það væri með öllu óþarft.

Meirihlutinn, sem eru sjálfir flutningsmenn þessa frumvarps, hafa ritað nokkrar línur um málið, sem þeir kalla nefndarálit, og ráða þeir þar þingdeildinni auðvitað til þess að fallast á þetta frumvarp sjálfra þeirra; en ekki er þar með einu orði færð nokkur ástæða fyrir frumvarpinu. Svo að ef meirihlutamenn í nefndinni fá vilja sínum framgengt, að umræðurnar um málið verða eigi birtar á prenti, þá er öllum landsmönnum fyrirmanað að sjá, á hverjum rökum þetta óheyrilega tiltæki, sem frumvarpið fer fram á, er bygt.

Því fremur finst mér það skylda mín að rita þetta álitsskjal mitt um málið nokkuð ítarlegra, en eg hefði ella gert eða annars hefði borið nauðsyn til. Því að mér

finst það óheyrilegt, að þjóðin fái eigi að sjá málsástæður í máli, sem að minnu álitum varðar hana svo miklu sem þetta mál. En í mínum augum er mál þetta ekkert smámál, heldur eitt af merkustu málunum, sem fyrir þetta þing hafa komið, að fráskildu sambandslagamálinu og stjórnarskrármálinu. Mér virðist svo sem frumvarp þetta fari fram á að losa jarðveginu undan einum hyrningarsteininum undir öllu sönnu þjóðfrelsi.

Í umræðum, þeim sem orðið hafa í þingdeildinni um þetta mál, hefir því miður á báðar hliðar verið blandað inn umræðum um atvinnu og persónulegar hvatir. Þessar umræður virðist mér að helzt hefðu aldrei átt fram að koma. Allar spurningar um atvinnu og persónulegar hvatir liggja svo lágt, að þær ættu engin áhrif að hafa á slíkt mál sem þetta.

Hvað er það sem frumvarp þetta (þingskjal 110) fer fram á? Það fer fram á það, að nema úr gildi 49. grein í lögum 10. nóv. 1905 um þingsköp handa alþingi; en í þessari grein er svo fyrir mælt, að umræður alþingismanna um málin á þingi skuli prenta í Alþingistiðindunum. Verði þetta frumvarp meirihlutans að lögum, verður það eftirleiðis alveg á valdi forsetanna á hverju þingi, hvort umræðurnar verði prentaðar eða ekki.

Í nefndarálitum meirihlutans er nú komin fram ný breytingartillaga, við 10. gr. þingskapanna, sem að vísu mundi gefa alþingi atkvæði um það í hvert sinn, hvort ræðurnar verði prentaðar í þingtiðindunum eða ekki. En þrátt fyrir þetta verður það þó á valdi meirihlutans á sérhverju þingi að stinga öllum umræðum undir stól, með því að láta vera að skrifa þær eða prenta, ef meirihlutanum svo sýnist, en það mundi oft merkja sama sem: ef stjórn, þeirri sem við völd er, þykir svo hlyða. Því að enginn efi getur á því leikið, að ófyrirleitinni stjórn geti tekist að hafa svo harðan flokksaga á flokksmönnum sínum, bæði hásigldum og »lititsigldum«, að hún geti haft þetta fram, ef hún leggur mikið ofurkapp á það.

Og það hefir ekki farið neitt dult í umræðunum um þetta mál af hendi flutningsmanna, að sá væri tilgangurinn, ef frumvarp þetta næði fram að ganga, að nota það nú þegar til þess að hætta við prentun á þingræðunum. Hitt hefir verið gefið í skyn, að takandi kynni að vera í mál að prenta eitthvert hrafl af umræðum um eitt eða tvö stórmál á þessu þingi. En fyrir því er engin trygging, að einu sinni þetta verði gert. Og þó að það yrði gert, þá er það alls ófullnægjandi. Bæði hafa umræðurnar í þessu máli sýnt það, að menn getur greint mjög svo á um það, hvað sé stórmál og hvað sé smámál; og oft getur svo farið, að mál, sem í öndverðu virtist vera smámál, reynist síðar, er stundir líða, merkilegt og mikilvægt stórmál, þó að hávaði þingmanna sæi það ekki fyrir í fyrstu. Til þessa mætti finna dæmi bæði úr þingsögu vorri og annara þjóða. Og enn er þess að gæta, að hvernig sem þessu yrði beitt á þessu þingi, þá er engin minsta trygging fyrir því, hvernig hver meiri hluti á hverju ókomnu þingi kann að beita því valdi, sem frumvarp þetta fær honum í hendur.

Þegar alþingi var endurreist 1843, þótt að eins væri það ráðgjafarþing, þá kvað stjórnin svo á, að þing skyldi heyja fyrir luktum dyrum. Þjóðin átti eigi að eiga neinn kost á að vita neitt um tillögur fulltrúa sinna eða ástæðurnar fyrir þeim. Þetta vakti í þá tíð þá gremjuöldu yfir land, að inn flóðu áskoranir og bænarskrár úr öllum áttum lands um það, að þingið yrði háð í heyranda hljóði. Þeir menn, er þá greindi mest á um alþjóðleg mál þessa lands, Fjölnismenn og Félagsritamenn (Jón Sigurðsson), voru þar á eitt mál sáttnir, að þetta væri in mesta óhæfa, þótt að eins ætti í hlut ráðgjafarþing þjóðarinnar, en eigi löggjafarþing svo sem nú er.

Þó má það með sanni segja, að það, hvort örfáir menn hér í Reykjavík fái að hlusta á ræður þingmanna, er, eins og allir sjá, harla lítilsvært og ómerkilegt mál, í samanburði við hitt, hvort þjóðin, alþjóð Íslendinga, megi fá að hlusta á ræðurnar eða ekki; en til þess fær þjóðin í heild sinni að eins færi með því að lesa ræður þingmanna í þingtíðindunum.

Vér vitum það, að þegar áheyrendum er troðið á áheyrendapall neðri deildar eins þétt og síld í tunnu, þá eru það 70 til 80 manns, sem þar rúmast, og þar sem þeir einir ná inngöngu, sem ötulastir eru að olnboga sig áfram við þinghúsdýrnar, þá er auðsætt, hverjir þeir munu verða, er helzt ná hér uppgöngu á áheyrendapallinn. Áheyrendapallur efri deildar rúmar ekki nema helming við áheyrendapall neðri deildar. Auk þess fá þingmenn 2 aðgöngumiða hver, sem þeir geta gefið mönnum, sem hleypt er inn í lestrarsalinn og eitt nefndarherbergið, svo að þeir geti hlytt þar á gegnum opnar dyr. En þeir sem þessa njóta, eru eðlilega ekki nema næstu venzlamenn þingmanna. Og þingmenn þurfa ekki annað en renna augunum yfir þennan litla áheyrendahóp, hvort heldur er á pallinum eða í herbergjunum, til þess að sjá þegar í stað, að það er að jafnaði ekki nema einn fjórði hluti áheyrenda, sem eru kjósendur til alþingis; hitt er kvenfólk, en langflest börn og unglingar.

Hafi nú ekki að eins Jóni Sigurðssyni og öllum öðrum stjórnmalámonnum, er honum voru samtíða á Íslandi, heldur öllum almenningi, allri alþýðu þessa lands, þótt það óþolandi frelsisskerðing fyrir þjóðina og óþolandi þrælamarð á þinginu, að heyja það fyrir luktum dyrum, jafnvel þótt alþýða fengi þá kost á að lesa umræður þingmanna eftir á í þingtíðindunum, — hvað mundu þeir hinir sömu þá, og hvað munu allir frjáls-hugsandi menn nú, segja um það, að taka upp það þúsund sinnum verra launpukur, að leyna öllum umræðum þingsins með því að stinga þeim undir stól og prenta þær ekki? Mér er sem ég sjái Jón Sigurðsson snúa sér í grót sinni.

Það hefir verið sagt af hendi flutningsmanna þessa frumvarps, að þjóðinni væri nægt, að sjá þingskjölin, frumvörpin, breytingartillögurnar og lögin frá þinginu og atkvæðagreiðsluna um þau. En hvað sér þjóðin í raun rétttri af þessu? Lögin þarf hún ekki að sjá í Alþingistiðindunum, því að hún fær þau prentuð í Stjórnartíðindunum. Um atkvæðagreiðslu sér hún venjulega ekki annað en það, að svo og svo margir hafa verið á móti, og svo og svo margir með hverri tillögu. Það er langsjaldnast að nafnakall er við haft, svo að það sjáist, hverjir þeir þingmenn eru, sem atkvæði hafa greitt með og móti í hverju máli. Og jafnvel í þessum fáu tilfellum getur oft verið minstur, eða nær enginn, fróðleikur í að sjá, hverjir atkvæði greiddu á hvorn veg, þegar ekkert sést um það, hverjar ástæður menn höfðu til að greiða atkvæði eins og þeir gerðu. Þó að 10, 12 menn greiði atkvæði á sama veg í einhverju máli, þá getur hver haft sérstaka og hver öðrum ólíkar ástæður fyrir atkvæði sínu, sumar gildar, sumar miður gildar og sumar bersýnilega einskisverðar. Vilji meiri hluti beita ósvífnu gerræði og hlutdrægni, sem hann getur engar frambærilegar ástæður fyrir borið, þá er honum með þessu pukri haganlega tilbúið koldimt skúmaskot til að skrifa inni í og dyljast þar fyrir kjósendum sínum og öllum landslýð.

Þegar kjósendur fá ekki að sjá ræður þingmanna, þá eiga þeir engan kost á að sjá, hversu þingmaður þeirra hefir reynst. Þeir verða þá að láta sér lynda sögusögn sjálfs hans um framkomu hans; þeir eru sviftir öllum skilríkjum til að prófa hve réttorður hann er, þegar hann ber vitni í sjálfs sins sök. Þeir eiga engan kost á að sjá, hvort hann hefir efnt þau heitorð, er hann hefir gefið þeim heima í héraði, eða hvort

hann hefir algerlega svikið allar efndir á þeim og ef til vill unnið í alveg gagnstæða átt við það sem hann hafði heitið. Það tíjár ekki að svara þessu því, að enginn þingmaður sé eftir stjórnarskránni bundinn við vilja kjósenda sinna eða neitt annað en sannfæringu sjálfs sín; því að kjósendur eiga þó fullan rétt á að sjá, hvort þingmaður þeirra hefir haft skoðanaskifti, og þá af hverjum ástæðum. Og þegar um það er að ræða, að þingmaður leitar kosningar á ný til alþingis, á hverju eiga kjósendur þá að byggja álit sitt á honum og atkvæði, ef þeim er synjað um alla vitneskju um framkomu hans á þingi? En þetta verður þeim þó að langmestu eða mest öllu leyti meinað, ef þeir eiga ekki kost á að sjá og lesa ræður hans og dæma þannig um framkomu hans og röksemdir fyrir henni.

Flutningsmenn frumvarps þessa hafa byggt mikið á því, að annar þeirra, þingmaður Barðstrendinga, ritstjóri Ísafoldar, hafði í vetur (í pukri?) sent út til nokkurra flokksbræðra sinna hér og hvar um landið fyrirspurn um, hvort þeim litist eigi það vera mikið fjársparnaðartiltæki, að hætta við að prenta ræðurnar í Alþingistíðindunum. Og þó að eg auðvitað geri ráð fyrir því að þessari (pukurprentuðu?) fyrirspurn hafi ekki fylgt neinar heimullegar bendingar um það, í hverja átt hann óskaði að svarið gengi, þá er fyrirspurnin sjálf svo einhliða fram sett og órókrædd frá inni almennari hlið, að engum, sem fyrirspurnina fekk, gat dulist, hvers svars spyrjandinn vænti og óskaði. Enginn sanngjarn maður getur lagt neitt upp úr slíkri einhliða pukurs málaleitun. Eg segi fyrir mig, og margir mér fremri menn geta án efa með enn meiri rökum sagt hið sama, að ég teldi það harla auðunnið verk að senda út fyrirspurnir um þetta sama efni og fá frá jafn mörgum eða fleirum jafnmerkum mönnum víðsvegar um land rökstudd svör alveg gagnstæð þeim er inn háttvirti ritstjóri Ísafoldar kveðst hafa fengið. Mér er það persónulega kunnugt, að það er alls ekki rétt hermt, sem sumir hafa sagt í svörum sínum til ritstjóra Ísafoldar, að Alþingistíðindin lægju víðast hvar ólesin og óuppskorin og væru sumstaðar seld eða notuð fyrir umbúða-pappír. Ég skal nú ekki fást um það, að þar sem þingtíðindin eru eign hreppanna, þá væri það hrein og bein óráðvendni eða þjófnaður, ef oddvitarnir seldu þau eða notuðu í umbúðapappír. En ég veit til þess, að Alþingistíðindin eru, þar sem ég þekki til, varðveitt, víða bundin inn og falin lestrarfélögum til varðveizlu. Allir vita það líka, hve einatt kor...a kvartanir úr hreppunum oæði til útsendingamanna tíðindanna og einnig í blöðunum, þar á meðal í Ísafold, um það, ef seint þykir ganga útsendingu tíðindanna. Eg get um þetta borið, þar sem ég hafði útsendingu tíðindanna á hendi í 10 ár. Þessar umkvartanir bera þess allar vott, að þeir sem þær senda, og fleiri en þeir. þreyja útkomu tíðindanna, þreyja að fá að lesa þau, því að ekki geri ég ráð fyrir að það sé umbúðapappírsskortur í sveitunum, er slíkum kvörtunum hefir valdið, enda hefi ég aldrei séð þá ástæðu fyrir borna.

Hitt er satt, að það var meinleg ákvörðun, er þingið gerði fyrir fám árum að breyta svo til um niðurskipun á ræðupartinum, að eigi varð auðið að byrja prentun á honum fyrri en eftir þinglok. Meðan þing var háð að sumarlagi og eigi úti fyrri en í september, þá leiddi af þessu, að ræðuparturinn komst ekki út meðal almennings fyrri en næsta vor, nærri því ári eftir þing. En væri ræðurnar, eins og vera bæri, prentaðar undir eins, svo að eigi væri ætluð nema vika eða 10 dagar til ræðuleiðréttinga eftir að fundir væru fram lagðir á lestrasalnum, þá gætu ræðurnar farið að berast út um land, jafnvel meðan á þinginu stæði, og verið allar prentaðar og út sendar svo sem 14 til 20 dögum eftir þinglok. Með þessu móti yrðu ræðurnar landsmönnum að miklu meiri nýjung, og það mundi stórum auka lestur tíðindanna.

Ég skal fara svo varlega í áætlun, sem með nokkurri sanngirni verður gert, og ætlast á, að ekki lesi nema tveir, þrjú menn í hverjum hreppi Alþingistíðindin, en þá verða þetta þó um 5 hundruð manna, víðsvegar um allt land. Og ég veit með vissu, að áætlun þessi er langt of lág. Alt um það, þessi 5 hundruð eru þó einmitt það súrdeig, sem sýrir út frá sér stjórn málaþekkingu og þjóðmálaskoðanir landsmanna. Ræðurnar í Alþingistíðindunum eru því nær in eina fróðleiksuppspretta um almenn mál, sem almenningur á kost á. Er stjórn málaþekkingin svo mikil, þjóðmálaþroskinn svo stór í þessu landi, að vert sé að byrgja ina einu uppspottulind hans?

Ég vil biðja sérhvern alþingismann, sem á þessu þingi situr og atkvæði á að greiða um þetta mál, að stinga hendinni í sinn eigin barm og spyrja sjálfan sig, hvort hann hafi eigi margsinnis orðið að kynna sér umræðurnar í Alþingistíðindunum, til þess að fá fyllri þekkingu á sögu og gangi þeirra mála, sem hann hefir búist við að verða um að fjalla. Og eg þori að fullyrða það, að sá alþingismaður, sem samvizkulega getur svarað þessari spurningu neitandi, hann hefir illa búist sig undir það starf, sem hann hefir á hendur tekist.

Ein ástæðan, sem færð hefir verið fyrir frumvarpi þessu, er sú, að ræðurnar séu ekki hraðritaðar, þingmenn leiðrétti þær og breyti þeim, svo að þær séu alls ekki í trúu samræmi við það sem þeir hafa talað á þinginu. Alt þetta játa ég satt að vera. En þó að þingmeun lagfæri smáskekkjur hjá sér, einkanlega það er orðahnippingar spinnast út af, þá getur þó enginn neitað því með sanni, að ræðurnar sýna þó að mestu leyti, hvað þingmaðurinn hefir sagt, og í hinum, færri, tilfellunum, að minsta kosti hvað hann vilði sagt hafa. Þær standa því sem órækur vottur skoðana hans og röksemda í öllum verulegum atriðum. Þær eru svo nákvæmur spegill af framkomu hans, sem eftir atvikum er auðið að veita. Þá er þess síðast en ekki sízt að geta, að ræður Alþingistíðindanna geyma in dýrmætustu drög til stjórn málasögu landsins og jafnframt til persónusögunnar, til einkenna og sögu allra þeirra merkismanna þjóðarinnar, sem sæti hafa átt á Alþingi. Eins og minst hefir verið á í umræðum þessa máls, þá mundi víða skarð fyrir skildi í sögu manna og málefna þjóðar vorrar, ef þessum brunni væri lokað. Til þessa hafa verið nefnd tvö dæmi: annað er in nýútkomna stórmerkilega bók: Æfisaga Péturs byskups Péturssonar, sem, eins og alt, sem höfundur þeirrar bókar ritar, er gullnáma að drögum til sögu landins. Nálega á hverri síðu í þeirri bók sjáum vér þess merki, að höfundurinn hefir lesið umræðurnar á Alþingi um öll helztu mál landsins á þeirri tíð. Vér vitum allir, að ráði, er að æfisaga Jóns Sigurðssonar komi út á hundrað ára afmæli hans. Getur nokkur skynbær maður hugsað sér, að sú bók gæti orðið rituð, svo að í nokkru lagi sé, án þess að höfundur hennar hefði lesið allar ræður Jóns Sigurðssonar í Alþingistíðindunum? Þegar einn nýr þingmaður gaf það í skyn í ræðu hér um daginn, að Jón Sigurðsson hefði oftast verið forseti á Alþingi og því sjaldan haldið ræður á þingi, þá ber þetta að eins vott um gersamlegan ókunnugleika þess mikilsvirta þingmanns á því sem hann talaði um. Í fyrsta lagi var Jón Sigurðsson eigi ávalt forseti á Alþingi um sína tíð; hann mátti líka lífa það einn kafla ævi sinnar að vera talinn stjórnartól og óvinur landsins; þá var honum ekki hleypt í forsetastólinn; þá var þvert á móti ort nið um hann og svo kveðið að orði:

»Hann elskaði áður frónið fríða,
nú ber hann sinn kross og býr oss tjón.«

Í annan stað veik Jón Sigurðsson oft forsetasæti, til að taka þátt í umræðum mála. Í þriðja lagi hafði hann þann sið, sem ekki tíðkast á löggjafarþinginu, að hann tók þátt í

umræðum málanna og hélt langar og stórmerkar ræður frá forsetastólnum. Að þessu höfum vér inir eldri menn oft verið sjónarvottar og heyrnarvottar. Enda kvað svo mikið að ræðuhöldum hans úr forsetastólnum, að eina blaðið, sem þá kom hér út í Reykjavík, hafði orð á því.

Þá hefir það verið til týnt til stuðnings frumvarpi þessu, að til væru nokkur smáríki, þar sem umræður þingmanna væru eigi prentaðar í þingtíðindum, og því mætti vel una við ið sama hér hjá oss. En slíkur samanburður er svo fjarstæður sem verða má. Í þeim smárikjum, þar sem þetta á sér stað, þar eru þó til mörg og stór dagblöð, ekki smáblöð, sem koma út einu sinni og tvisvar í viku eins og hjá oss, heldur blöð, sem koma út að minsta kosti einu sinni á hverjum degi, sexfalt, tífalt, fimtánfalt og þaðan af stærri á hverjum degi, heldur en stærstu blöðin hér. Þessi blöð hafa hraðritara á þingunum og prenta orðréttar allar helztu ræðurnar, eða þær sem nokkurt mark er að, svo að landsmenn geta lesið þær samdægurs. Það er jafnvel alltítt, þegar löng og merk ræða er haldin í stórmáli, að upphaf ræðunnar er komið út, og það jafnvel í fjarlægum bæjum, áður en þingmaðurinn er seztur niður og hefir lokið máli sínu.

Eins og til hagar hér á landi, þarf ekki að ganga gruflandi að því, að gangi frumvarp þetta fram, þá er miklu verra verk unnið og skaðvænlegra þjóðinni, heldur en þótt ákveðið væri að heyja Alþingi jafnan fyrir luktum dyrum. Þar sem hér eru engin blöð til, sem með bezta vilja gætu flutt einn tíunda hluta úr tuttugustu hverri ræðu, sem hér er haldin, þá hefði þjóðin enga vitneskju um, hvað fram fer á þingi, nema meira og minna hlutdrægar og ósanuar frásögur einhliða flokksblaða um örfá mál. Og svo framarlega sem ósannindi eru verri en engin vitneskja, þá yrði þjóðin verr farin en algerlega vitneskjulaus um alla framkomu alþingismanna.

Þá yrði Alþingi Íslendinga ljósfælið pukursþing, sem engan ætti sinn líka meðal þingfrjálsra þjóða heimsins.

Því er það tillaga mín til innar virðulegu þingdeildar, að hún felli frumvarp þetta.

Alþingi, 11. Marz 1909.

Jón Ólafsson,

2. þm. S.-Múlasýslu.